

BÓKMENNTABRÚIN Á MILLI NOREGS OG ÍSLANDS

Skýrsla um stöðu þýðinga á íslenskum bókmenntum yfir á norsku

unnin fyrir Íslendingafélagið í Osló og nágrenni

í tilefni aldarafmælis félagsins

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
SAMANTEKT OG TILLÖGUR	3
ÍSLENSKAR BÓKMENNTIR Á NORSKU	4
YFIRLIT OG TÖLFRÆÐI	4
TAFLA 1.1: STYRKVEITINGAR MÍB TIL NORSKRA ÞÝÐINGA 2013-2023.....	5
TAFLA 1.2: STYRKVEITINGAR MÍB TIL NORRÆNNA ÞÝÐINGA 2018-2022	5
BÆKUR HVAÐA ÍSLENSKRA HÖFUNDA KOMA ÚT Á NORSKU?	5
HVERJIR ÞÝÐA ÍSLENSKAR BÓKMENNTIR YFIR Á NORSKU?	6
ÞÝÐENDUR – HVAÐ ER TIL RÁÐA?	7
ÚTGÁFA – HVAÐ ER TIL RÁÐA?	9
NIDURLAG	12

INNGANGUR

Listir og menning eru verðmæt leið til að eiga samtal þjóða á milli. Frá örófi alda höfum við sagt sögur til þess að skilja hvert annað, gefa af okkur og þiggja á móti gjafir sem geta stækkað sjóndeildarhring okkar, hreyft við tilfinningum og auðgað andann. Að geta lesið bókmenntir annarra þjóða á okkar eigin tungumáli er ómetanlegt. Saga Íslands og Noregs hefur fléttast saman á margslunginn hátt allt frá upphafi Íslands byggðar; bæði á pólitíska sviðinu, í menntun og vísindastarfi þjóðanna, menningarlífínu og auðvitað í hversdagsleika ótal margra sem flust hafa milli landa. Fyrir áframhaldandi, fjórlegt samtal þessara grannþjóða skiptir gríðarlegu máli að við getum hlustað á tónlist hvert annars, notið myndlistar, horft á kvikmyndir og lesið bækur. Gjarnan er talað um að þýðendur byggi brýr milli tungumála og menningarheima. Að þessum ómetanlegu brúarsmiðum ber að hlúa af alúð.

Skýrsla þessi er rituð að frumkvæði Íslendingafélagsins í Osló og nágrenni, í tilefni 100 ára afmælis félagsins og í tengslum við bókmennta- og menningarhátíð á þess vegum. Kveikjan að verkefninu voru vangaveltur félagsmanna um takmarkaða útgáfu íslenskra bóka í Noregi og hraðminkandi hóp þýðenda sem geta tekið að sér slík verkefni. Tilgangur skýrslunnar er því að draga upp mynd af núverandi stöðu þýðinga á íslenskum fagurbókmenntum yfir á norsku, greina helstu áhrifaþætti og setja fram tillögur sem stuðlað geti að aukinni útgáfu – þannig má snúa erfiðri stöðu upp í tilvalið sóknarfæri í menningarsamskiptum landanna tveggja.

Við vinnslu skýrslunnar var rætt við fólk úr ólíkum áttum sem hefur sérþekkingu á bókaútgáfu, þýðingastörfum og menningarlegum tengslum landanna tveggja. Viðmælendur komu m.a. úr hópi þýðenda, höfunda og útgefenda, starfsfólks réttindaskrifstofa og Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Samtölin fóru ýmist fram í síma, með tölvupóstsamskiptum eða í eigin persónu. Ýmsar upplýsingar fengust auk þess í tölvupósti frá sendiráðum, bókaútgáfum og höfundum.

Einnig var litið til ýmisskonar gagna um úthlutanir á styrkjum til þýðinga á norræn mál, sem Miðstöð íslenskra bókmennta heldur utan um fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar, starfsemi norrænu bókmenntamiðstöðvanna, bókaútgáfu í Noregi og á Íslandi, styrkveitingar til menningarverkefna og alls kyns annarra upplýsinga sem málið varðar.

SAMANTEKT OG TILLÖGUR

Til að tryggja útgáfu íslenskra samtímabókmennta á norsku þarf að huga að tveimur þáttum. Annars vegar ríður á að stækka og styðja við hóp þýðenda. Hinsvegar þarf að styðja við sjálfa útgáfuna og hlúa að tengslum norskrar og íslenskrar bókaútgáfu. Í því augnamiði eru lagðar fram eftirfarandi tillögur sem skýrðar eru nánar í meginmáli skýrslunnar.

1: MENNTUN

Hvetja til þess að á ný verði komið á fastri stöðu prófessors í íslensku við Oslóarháskóla.

2: MENNTUN

Þjóða nemendum í norrænum fræðum til Íslands.

3: MENNTUN

Sækja efnilega þýðendur í hóp erlendra námsmanna í íslensku/þýðingafræðum við Háskóla Íslands.

4: MENNTUN

Standa vörð um námskeið í íslensku við Oslóarháskóla.

5: STUÐNINGUR VIÐ ÞÝÐENDUR

Leggja áherslu á að fá norska þýðendur til þátttöku í alþjóðlegum þýðendapingum Miðstöðvar íslenskra bókmennta.

6: STUÐNINGUR VIÐ ÞÝÐENDUR

Norskir þýðendur komi til dvalar á Íslandi.

7: STUÐNINGUR VIÐ ÞÝÐENDUR/MENNTUN

Haldnar verði vinnustofur þýðenda í Noregi.

8: ÚTGÁFA/FJÁRMÖGNUN

Þrýsta á um aukin framlög til norrænna þýðinga og hærra styrkhlutfall.

9: ÚTGÁFA

Regluleg útgefendaskipti norskra og íslenskra fagaðila.

10: ÚTGÁFA/HÖFUNDAR

Íslenskt höfundaprógramm í Noregi.

11: ÚTGÁFA/HÖFUNDAR

Höfundaskipti: Heimsóknir ungra höfunda til Noregs og Íslands.

ÍSLENSKAR BÓKMENNTIR Á NORSKU

YFIRLIT OG TÖLFRÆÐI

Líkt og vikið verður að í lengra máli síðar eru þýðingar á norrænum fagurbókmenntum yfir á önnur norræn tungumál að miklu leyti fjármagnaðar með styrkjum frá Norrænu ráðherranefndinni sem útteilt er af bókmenntamiðstöðvum á Norðurlöndum. Langflestar íslenskar bækur sem út koma á norsku hafa hlotið styrk úr sjóðnum. Við vinnslu skýrslunnar skoðaði höfundur því úthlutanir Miðstöðvar íslenskra bókmennta (MÍB) á styrkjum til þýðinga á íslenskum bókmenntum yfir á norsku, sem gefa nokkuð glögga mynd af stöðu mála, sérstaklega hvað fagurbókmenntir fyrir fullorðna varðar. Úthlutanir voru skoðaðar tíu ár aftur í tímann, en aðeins var búið að afgreiða fyrri úthlutun ársins 2023 sem þó er höfð með í töflunni til hliðsjónar.

Til viðbótar við þær bækur sem hlotið hafa norræna þýðingastyrki hafa á síðustu árum komið út nokkrar glæpasögur eftir íslenska höfunda, þau Arnald Indriðason, Yrsu Sigurðardóttur og Ragnar Jónasson. Einnig ber að nefna *Hálendið* eftir Steinar Braga sem kom út í norskrri þýðingu árið 2016, *Íslenska kóngi* eftir Einar Má Guðmundsson sem var gefin út árið 2016, *Mánastein* eftir Sjón sem út kom árið 2017 og *Lifandilífslæk* Bergsveins Birgissonar frá árinu 2020. Þessar bækur eru þó ekki

hafðar með í yfirlitstöflunni 1.1 til að gæta samræmis og skekkja ekki samanburð milli Norðurlandamállanna.

Í töflu 1.1 má sjá yfirlit yfir fjölda styrkveitinga vegna þýðinga úr íslensku yfir á norsku árin 2013-2023. Einnig eru bækurnar flokkaðar gróflega eftir bókmenntagreinum og aðgreindar í skáldsögur fyrir fullorðna, barnabækur, glæpasögur, ljóðabækur, smásagnasöfn, fræðibækur og bækur almenns eðlis. Aðgreiningu skáldsagna og glæpasagna ber að útskýra í stuttu máli; glæpasögur eru að sjálfsögðu einnig skáldsögur en sökum þess að útgáfa glæpasagna lýtur að ýmsu leyti öðrum lögmálum en bóka sem iðulega eru flokkaðar sem „fagurbókmenntir“ var ákveðið að fara þessa leið til þess að skýra myndina enn frekar. Glæpasögur hafa á síðustu árum verið ein söluvænlegasta bókmenntagreinin, eru líklegri til að vera valdar til útgáfu án þess að styrkja njóti við, og flestir glæpasagnahöfundanna sem um ræðir njóta talsverðra vinsælda á Íslandi sem og erlendis.

TAFLA 1.1: STYRKVEITINGAR MÍB TIL NORSKRA ÞÝÐINGA 2013-2023

ÁR	FJÖLDI BÓKA	BÓKMENNTAGREINAR
2023*	2	1 skáldsaga, 1 smásagnasafn
2022	4	1 skáldsaga, 3 barnabækur
2021	5	2 skáldsögur, 3 ljóðabækur
2020	5	2 skáldsögur, 1 glæpasaga, 1 ljóðabók, 1 bók almenns eðlis
2019	7	2 skáldsögur, 1 glæpasaga, 2 barnabækur, 1 fræðibók, 1 ljóðabók
2018	6	2 skáldsögur, 1 glæpasaga, 1 fræðibók, 1 almenns eðlis, 1 ljóðabók
2017	6	4 skáldsögur, 1 glæpasaga, 1 ljóðabók
2016	4	3 skáldsögur, 1 glæpasaga
2015	4	2 skáldsögur, 1 glæpasaga, 1 smásagnasafn
2014	9	5 skáldsögur, 3 glæpasögur, 1 barnabók
2013	4	3 skáldsögur, 1 barnabók

* Fyrri úthlutun

Eins og taflan sýnir hefur fjöldi titla aldrei komist upp fyrir tuginn og á árunum 2013-2022 var meðalfjöldi styrktra þýðinga 5,3 á ári. Það segir þó ekki alla söguna. Sé einungis rýnt í fjölda þýddra skáldsagna hefur þeim heilt yfir farið fækkandi og styrktar þýðingar á skáldsögum ekki farið upp fyrir tvær síðustu sex árin. Fjöldi þýddra höfunda hefur einnig dregist saman og í skáldsagnaflokki er nú aðallega um tvo höfunda að ræða.

Í töflu 1.2 má sjá samanburð á styrktum þýðingum yfir á Norðurlandamál á árunum 2018-2022.

TAFLA 1.2: STYRKVEITINGAR MÍB TIL NORRÆNNA ÞÝÐINGA 2018-2022

TUNGUMÁL	FJÖLDI
Norska	26
Danska	44
Sænska	31
Finnska	12
Færeyska	8

Eins og sjá má er langmest þýtt yfir á dönsku og hefur svo verið um langa hríð; eins er flóra höfunda þar langfjölbreyttust. Vert er þó að geta þess að þýðingum yfir á sænsku fer nú fjölgandi á ný.

BÆKUR HVAÐA ÍSLENSKRA HÖFUNDA KOMA ÚT Á NORSKU?

Sé síðasti áratugurinn skoðaður skera fjórir íslenskir höfundar sig úr. Skáldsögur þeirra Auðar Övu Ólafsdóttur og Jóns Kalmans Stefánssonar hafa komið út mjög reglulega og eins hefur fjöldi bóka eftir skáldin Gerði Kristnýju og Gyrði Elíasson verið gefinn út á norsku, bæði ljóðabækur og skáldsögur. Höfundarverki þessara skálda er því fylgt vel eftir í Noregi og fá lesendur sem komast á bragðið færi á að lesa meira, sem er afar mikilvægt og skapar sömuleiðis grundvöll fyrir áframhaldandi þýðingum. Tvær af skáldsögum Kristínar Marju Baldursdóttur komu einnig út á tímabilinu í kjölfar fyrri þýðinga á verkum hennar.

Stakar bækur eftir ýmsa samtímahöfunda hafa einnig komið út eða eru væntanlegar og má þar nefna Friðu Ísberg, Aðalstein Ásberg, Andra Snæ Magnason, Steinunn Sigurðardóttur, Sigríði Hagalín Björnsdóttur, Sigurð Pálsson og Ólaf Gunnarsson. Barnabækur eiga í hópnum þau Kristín Helga Gunnarsdóttir, Áslaug Jónsdóttir (ásamt Kalle Güettler (SE) & Raket Helmsdal (FO)) og Þórarinn Leifsson en fleiri en einn viðmælandi nefndi að norskir útgefendur keyptu ekki mikið af erlendum barnabókum til þýðinga þar eð sérlega vel væri að hlúð að innlendri barnabókaútgáfu.

Tvö skáldverk Bergsveins Birgissonar hlutu þýðingastyrk á tímabilinu en Bergsveinn hefur algjöra sérstöðu í hópi íslenskra höfunda; hann hefur dvalið stóran hluta ævinnar í Noregi og höfundarverk hans á íslensku og norsku fléttast saman á einstakan hátt. Sumar bóka Bergsveins hafa verið þýddar af norskum þýðendum en aðrar hefur hann ritað jöfnum höndum á norsku og íslensku.

Bækur Arnaldar Indriðasonar hafa komið reglulega út á norsku, allt frá fyrstu bókum hans um Erlend Sveinsson og fram á þennan dag. Einnig hefur nokkuð komið út eftir þau Yrsu Sigurðardóttur og Ragnars Jónassonar. Hingað til hefur aðeins ein af glæpasögum Lilju Sigurðardóttur komið út í norskri þýðingu.

Ljóst er að flóra íslenskra samtímabókmennta endurspeglast ekki nema að litlu leyti í útgefnum þýðingum á norsku. Væntanleg þýðing á skáldsögu Friðu Ísberg sker sig úr þar eð hún verður fyrsti íslenski höfundurinn sem fæddur er eftir 1980 til að koma út í Noregi og er raunar fædd 1992. Sé einungis litið til nýlegra skáldsagna í flokki fagurbókmennta er talsverður fjöldi áhugaverðra samtímahöfunda sem gæti talað til norskra lesenda og væri spennandi að sjá koma út handan við hafið; nefna má þau Kristínu Eiríksdóttur, Bergþóru Snæbjörnsdóttur, Pedro Gunnlaug Garcia, Benný Sif Ísleifsdóttur, Ólaf Jóhann Ólafsson, Þóru Hjörleifsdóttur, Elísabetu Jökulsdóttur, Eirík Örn Norðdahl og Kristínu Ómarsdóttur. Er þó listinn hvergi nærri tæmandi.

HVERJIR ÞÝÐA ÍSLENSKAR BÓKMENNTIR YFIR Á NORSKU?

Hópur þýðenda íslenskra bókmennta yfir á norsku er afar þröngur og ljóst að þýðingum mun ekki fjölga nema hópurinn stækki. Viðmælandi sem kemur að réttindasölu talaði enda um að hafa fengið að heyra það frá norskum útgefendum að ekki þýði fyrir þá að skoða íslenskar bækur á meðan ekki sé hægt að fá þýðanda til verksins eða bíði þurfi jafnvel í nokkur ár eftir að þýðendur losni úr öðrum verkefnum.

Helstu þýðendur íslenskra samtímabókmennta hafa síðasta áratuginn verið þau Tone Myklebost, Oskar Vistdal og Silje Beite Løken. Tone (f. 1954) er afar reynslumikill og virtur þýðandi og er hún handhafi Orðstírs, heiðursverðlauna sem veitt eru þýðendum íslenskra bókmennta. Reynsla Tone spannar þrjátíu ár og fjölbreytt róf bókmennta. Síðustu árin hefur hún einbeitt sér að verkum tveggja skálda, þeirra Jóns Kalmans Stefánssonar og Auðar Övu Ólafsdóttur, en einnig þýtt höfunda á borð við Sigríði Hagalín Björnsdóttur og Kristínu Marju Baldursdóttur. Oskar (f. 1953) hefur sömuleiðis langa

reynslu og hreppti árið 2015 Bastianprisen fyrir þýðingu sína á *Suðurlugganum* eftir Gyrði Elíasson. Undanfarið hefur Oskar lagt sérstaka rækt við skáldskap þeirra Gyrðis og Gerðar Kristnýjar en einnig m.a. þýtt sígildar skáldsögur Gunnars Gunnarssonar. Hinn fjölhæfi þýðandi Silje Beite Løken (f. 1973) hóf að þýða úr íslensku fyrir hálfum öðrum áratug og hefur á þeim tíma þýtt bókmenntir af ýmsum toga við góðar viðtökur, meðal annars bækur Hallgríms Helgasonar, Sjóns, Auðar Övu og Arnaldar Indriðasonar.

Fleiri norskir þýðendur hafa komið að íslenskum bókmenntum á síðustu árum, m.a. þau Barbro Lundgren, Tiril Myklebost og Kristian Breidfjord. Hitann og þungann hafa þó borið þau þrjú fyrrnefndu, þá sérstaklega þegar litið er til fagurbókmennta. Tone og Oskar standa nú á sjötugu eftir langan og glæsilegan feril. Hin yngsta þessara þriggja, Silje, hefur snúið sér að öðrum störfum. Það er því mikið áhyggjuefni að þýðendahópurinn skuli ekki hafa endurnýjast sem neinu nemur og tvímælalaust þarf að grípa til aðgerða eigi einhverjir að verða til að fylla skarðið.

ÞÝÐENDUR – HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Íslenskar bókmenntir ferðast nú um heiminn sem aldrei fyrr og ekki síst má þakka það breiðum og góðum hópi þýðenda yfir á fjölmörg tungumál. Starf þýðandans krefst mikils valds á eigin tungumáli, skilnings á íslenskri tungu og samfélagi, símenntunar og natni. Þegar fjölga á þýðendum er mikilvægt að skilja hvaðan hæfir þýðendur koma. Þýðendur bókmennta úr íslensku hafa flestir fetað nokkuð svipaða leið. Algengt er að þeir hafi lært forníslensku eða norræn fræði í heimalandinu eða annars staðar á Norðurlöndunum og í kjölfarið sækja margir þeirra nám í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Aðrir hafa komið hingað til íslenskunáms á háskólastigi án þess að hafa grunn í málinu fyrir. Hinn hópurinn, sem er mun fámennari, samanstendur af fólki sem bjó tímabundið á Íslandi á uppvaxtarárunum eða kom til landsins á fullorðinsárum vegna vinnu eða fjölskyldulífs og dróst „óvart“ inn á vettvang þýðinga.

Fyrst af öllu ber því að spyrja: Hvar geta tilvonandi norskir þýðendur lært íslensku? Föst prófessorsstaða í íslensku við Oslóarháskóla (UiO) var lögð niður árið 2010 og þrátt fyrir málaleitan Árnastofnunar, menntamálaráðuneytis og sendiráðsins í Osló hefur stjórn háskólans ekki séð ástæðu til að endurskoða ákvörðunina. Við UiO er nú með óreglulegu millibili boðið upp á námskeið í íslensku sem hluta af námsleið í norrænum fræðum. Prófessorinn sem sinnt hefur þessari kennslu undanfarið er að fara á eftirlaun og ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort og hver taki við henni.

Við Háskólann í Bergen (UiB) er boðið upp á tvö valnámskeið í íslensku á námsleið í norrænum tungumálum og bókmenntum. Vegna ónógrar þátttöku eru þó námskeiðin ekki alltaf kennd.

Íslenska sem annað mál er blómleg námsleið við Háskóla Íslands og er þar kennd bæði sem 180 ECT gráða til BA-prófs og sem 60 ECT diplóma. Námsleiðin hefur gríðarlegt vægi fyrir þýðingar á íslenskum bókmenntum og það sama má segja um meistaranám í þýðingafræðum við HÍ en þýðingafræði eru nú einnig kennd sem aukagrein í grunnnámi. Á háskólastiginu hafa glöggir kennarar borið kennsl á efnilega þýðendur sem fá þar tækifæri til að proska hæfileika sína.

TILLAGA 1: MENNTUN

Hvetja til þess að á ný verði komið á fastri stöðu prófessors í íslensku við Oslóarháskóla.

Mikilvægt er að þýðendur hafi aðgang að íslenskunámi á háskólastigi í heimalandinu. Besta leiðin til þess að stuðla að því er að námsgreinin eigi sér fastan fulltrúa innan háskólasamfélagsins.

TILLAGA 2: MENNTUN

Bjóða nemendum í norrænum fræðum til Íslands.

Þrátt fyrir að ekki sé boðið upp á íslenskunám til háskólagráðu í Noregi eru ýmsar tengdar námsleiðir í boði. Við Oslóarháskóla og háskólana í Bergen, Stavanger, Tromsø og Agder er hægt að stunda grunn- og/eða framhaldsnám í norrænum tungumálum og bókmenntum. Þar er kominn nemendahópur sem líklegur er til að hafa í það minnsta einhvern áhuga á íslenskri tungu og menningu og tilvalið að kynda undir þeim áhuga með því að skapa bein tengsl við Ísland. Bjóða mætti áhugasömum nemum á íslensku- og menningarnámskeið og kynna þá einnig fyrir námsleið í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands.

TILLAGA 3: MENNTUN

Sækja efnilega þýðendur í hóp erlendra námsmanna í íslensku/þýðingafræðum við Háskóla Íslands.

Kennarar við Háskóla Íslands eru mikilvæg upplýsingaveita um erlenda nema sem eiga erindi inn á vettvang bókmenntaþýðinga. Í samstarfi við þá má grípa efnilega þýðendur og styðja þá faglega, t.d. með þátttöku í þýðendaþingi Miðstöðvar íslenskra bókmennta, sérstökum vinnustofum og jafnvel handleiðslu reyndra þýðenda.

TILLAGA 4: MENNTUN

Standa vörð um námskeið í íslensku við Oslóarháskóla.

Prófessorinn sem sinnt hefur kennslu í íslensku við UiO undanfarin ár fer nú brátt á eftirlaun. Brýnt er að hvetja til þess að námskeiðin detti ekki alfarið út við þessar breytingar og að áfram verði boðið upp á þau. Ef ekki verður komið á fastri prófessorsstöðu við skólann á nýjan leik má vel finna hæfan stundakennara eða jafnvel sendikennara.

Einnig skiptir miklu að styðja við þá þýðendur sem þegar starfa við fagið, hvort sem um er að ræða reynslumikið fólk eða nýliða. Með aukinni eftirspurn eftir íslenskum bókmenntum á alþjóðavísu hefur hópur þýðenda þeirra stækkað mjög, sé litið til allra málsvæða. Síðan 2017 hefur Miðstöð íslenskra bókmennta¹ því reglulega haldið alþjóðlegt þýðendaþing í Reykjavík. Afar góður rómur er gerður að þýðendaþingunum sem eru einhver besti vettvangurinn til þess að rækta þennan hóp. Markmiðið er að efla og treysta tengslin við starfandi þýðendur úr íslensku á erlend mál og hvetja nýja til dáða. Á þingunum sem standa yfir í tvo daga kynnast þýðendur kollegum sínum frá ólíkum löndum, taka þátt í vinnustofum, hitta íslenska höfunda, þýðendur og fræðimenn, hlýða á erindi um íslenskar bókmenntir og menningu og ýmislegt fleira. Þátt taka bæði reyndir þýðendur og nýliðar. Erfitt hefur reynst að finna norska þátttakendur en skipuleggjendur hafa m.a. leitað til kennara við Háskóla Íslands til að fá ábendingar um efnilega nemendur. Nokkrir starfandi þýðendur frá Noregi og a.m.k. einn nýliði hafa þó tekið þátt í þinginu.

¹ Samstarfsaðilar eru Árnastofnun, Félag íslenskra bókaútgefenda, Bandalag þýðenda og túlka, Bókmenntahátíð í Reykjavík, Rithöfundasamband Íslands, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þingið nýtur fjárstuðnings menningarmálaráðuneytisins, utanríkisráðuneytis og Íslandsstofu.

TILLAGA 5: STUÐNINGUR VIÐ ÞÝÐENDUR

Leggja áherslu á að fá norska þýðendur til þátttöku í alþjóðlegum þýðendapíngum Miðstöðvar íslenskra bókmennta.

Einróma álit þeirra sem til þekkinga er að þýðendapíngin séu einhver skilvirkasta leiðin til að efla hóp þýðenda íslenskra bókmennta. Hver einasti þátttakandi skiptir máli fyrir sitt málsvæði og því er afar mikilvægt að grípa alla norska bókmenntaþýðendur og bjóða til þingsins, byrjendur sem og reynt fagfólk. Miðstöðin er meðvituð um skort á þýðendum yfir á norsku og tekur öllum ábendingum fagnandi auk þess sem starfsfólk hennar hefur sent út fyrirspurnir í von um að finna fleiri þátttakendur.

TILLAGA 6: STUÐNINGUR VIÐ ÞÝÐENDUR

Norskir þýðendur komi til dvalar á Íslandi.

Rithöfundasamband Íslands heldur úti gestaíbúð í Gunnarshúsi í Reykjavík og stendur erlendum þýðendum til boða að sækja um styrk til allt að fjögurra vikna dvalar. Hafa oftast um 3-5 þýðendur hlotið styrkinn árlega. Kynna þarf þetta styrktækifæri betur fyrir norskum þýðendum og ekki síst nýliðum. Norsku þýðendasamtökin (Norsk oversetterforening) eru m.a. góður vettvangur til kynningar en samtökin eru bæði stór og virk.

TILLAGA 7: STUÐNINGUR VIÐ ÞÝÐENDUR/MENNTUN

Haldnar verði vinnustofur þýðenda í Noregi.

Norrænar bókmenntamiðstöðvar hafa sumar hverjar staðið fyrir þýðingavinnustofum á stöðum þar sem í boði er háskólanám í viðkomandi tungumáli. M.a. hefur NORLA haldið slíkar vinnustofur fyrir norskunema í Gdansk og Milánó. Þessar vinnustofur eru stutt námskeið sem svipar um margt til þýðendapínganna. Þær hafa mælst vel fyrir og eru góð leið til að hvetja efnilega þýðendur til dáða, finna vænlega kandiðata og koma á faglegum tengslum. Þrátt fyrir að ekki sé boðið upp á námsleið í íslensku við norska háskóla um þessar mundir væri vel hægt að halda vinnustofu í Osló og auglýsa eftir þátttakendum í gegnum háskólana, sendiráð Íslands og Norsk oversetterforening. Ef tekst að safna saman þátttakendum í fyrstu vinnustofuna má svo byggja ofan á þann viðburð og útfæra frekar.

ÚTGÁFA – HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Viðmælendur sem starfa við bókaútgáfu töluðu allir um mikilvægi þýðingastyrkja. Á tímum samdráttar í útgáfubransanum hafi það aukist og styrkhlutfall ekki haldið í við þörfina. Sé raunverulegur vilji til að standa vel að útgáfu þýddra bókmennta sé brýnt að endurskoða það. Þar sem upplag er lítið skipti styrkhlutfallið sérlega miklu máli og það á sannarlega við um fagurbókmenntir á norrænum málsvæðum.

Bókmenntaþýðingar á milli norrænna tungumála eru styrktar af Norrænu ráðherranefndinni en Statens Kunstfond í Danmörku annast utanumhald og útdeilir styrkfé til bókmenntamiðstöðva á Norðurlöndunum. Miðstöð íslenskra bókmennta fær því ákveðna upphæð til úthlutunar á ári hverju. Sótt er um styrk í upprunalandi verksins og miðstöðin úthlutar tvisvar á ári þýðingastyrkjum til þýðinga úr íslensku á norræn mál. Árangurshlutfall er afar hátt; af 133 umsóknum árin 2018-2022 voru 122 samþykktar, eða um 92%. Líkt og er um önnur málsvæði hefur umsóknum og þar með úthlutunum fjölgað jafnt og þétt með árunum.

Vinnuregla hjá Miðstöð íslenskra bókmennta er nú að styrkuppþæð nemi 50% af þýðingakostnaði fyrir skáldsögur, 80% fyrir barnabækur og 100% fyrir ljóðabækur. Styrkjapotturinn dekkar nú velflestar umsóknir miðað við þessa vinnureglu. Til þess að hækka megi hlutfall styrkja í skáldsagnaflokknum þyrfti potturinn annað hvort að stækka eða úthlutunum að fækka. Í ljósi þess hve styrkirnir eru útgefendum mikilvægir má telja líklegt að seinni kosturinn yrði einungis til þess að draga úr útgáfu íslenskra bókmennta á Norðurlöndunum og því brýnt að þrýsta á aukin framlög frá ráðherranefndinni.

TILLAGA 8: ÚTGÁFA – FJÁRMÖGNUN

Þrýsta á um aukin framlög til norræna þýðinga og herra styrkhlutfall.

Það er menningarpólitísk ákvörðun að styðja vel við bókaútgáfu og í landslagi sem tekur nú stórfelldum breytingum hefur vægi styrkja aukist. Norræna ráðherranefndin um menningarmál heldur úti norrænu þýðingastyrkjunum meðal annarra styrktarverkefna og samstarf á menningarsviðinu hefur verið lykilkþáttur í því víðfeðma tengslaneti sem Norðurlöndin hafa sín á milli, formlega sem og óformlega. Brýnt er að gæta þess að þýðingastyrkirnir verði ekki afgangsstærð út frá núverandi stefnumörkun ráðherranefndarinnar og þrýsta á um hækkun framlaga svo að styrkhlutfall endurspegli raunverulegar aðstæður bókaútgáfu dagsins í dag.

Nokkur fjöldi bókaútgefanda í Noregi hefur staðið að útgáfu íslenskra bókmennta. Á síðustu árum hafa u.þ.b. 20 útgefendur sent frá sér eina eða fleiri bók á íslensku. Nefna má að Forlaget Press hefur gefið út mörg verk Jóns Kalmans Stefánssonar, sömuleiðis gefur Pax út höfundarverk Auðar Övu Ólafsdóttur og Nordsjøforlaget sendir reglulega frá sér ljóðabækur íslenskra skálda á borð við Gyrði Elíasson og Gerði Kristnýju. Algengast er þó að bókin sé aðeins ein og ekkert framhald þar á; því myndast hvorki sterkt samband lesenda við viðkomandi höfund né samband útgefanda og höfundar/þýðanda.

Viðmælendur voru sammála um að styrkja mætti tengsl bókaútgáfu á Íslandi og í Noregi. Nefnt var að kollegar frá Norðurlöndunum hittust nú sjaldnar í eigin persónu og að mikilvægast væri að koma á persónulegum tengslum. Bókmenntahátíðir og útgefendaskipti séu tilvalinn vettvangur til þess. Oft þurfi ekki nema einn eða tvo aðila í landi hverju sem fyllist ástríðu fyrir íslenskum bókmenntum eða tilteknum höfundum. Að sama skapi eru slík sambönd viðkvæm fyrir breytingum og því skiptir máli að efla tengslin heilt yfir; finna tengingar sem víðast. Einnig verður ávallt að líta á sambandið sem tvíhliða – sem virkt samtali milli menningarheima. Gagnkvæmur áhugi er sterkasti hvatinn til blómlegrar útgáfu. Á Íslandi kemur út eitthvað af norskum samtímabókmenntum og hafa höfundar á borð við Roy Jacobsen og Anne B. Ragde notið vinsælda; meðal annarra útgefna höfunda á síðustu árum má nefna þau Jon Fosse, Vigdís Hjorth og Linn Ullmann. Lítið kemur þó út eftir unga höfunda og spennandi væri að koma á samtali milli landanna sem myndi fela í sér útgáfu og kynningu á verkum yngri rithöfunda. Fleiri en einn viðmælandi hvatti til þess að innspýting í útgáfu landanna á milli ætti sér stað á grundvelli nýrra bókmennta og fjölbreyttrar bókmenntaflóru samtímans. Í báðum löndum hafa enda áhugaverðar nýjar raddir komið fram á sjónarsviðið sem eiga sterkt erindi við fleiri norræna lesendur. Þannig mætti einnig laða að nýja þýðendur sem tengja við bókmenntir sinnar kynslóðar.

TILLAGA 9: ÚTGÁFA

Regluleg útgefendaskipti norskra og íslenskra fagaðila.

Miðstöð íslenskra bókmennta hefur staðið fyrir útgefendaskiptum að norrænni fyrirmynd sem hafa gefið góða raun, að mati þátttakenda sem og starfsfólks miðstöðvarinnar. Markmiðið er að efla tengsl

útgefenda/fagaðila, kynna íslenskar bókmenntir og fjölga þýðingum. Útgefendaskipti hafa einnig reynst vel hjá systurmiðstöðvum víða um Norðurlöndin. Samkvæmt upplýsingum frá miðstöðinni eru útgefendaskipti við Noreg nú fyrirhuguð enda eitt þeirra málsvæða sem hvað brýnast er að efla tengslin við. Munu þá þrír íslenskir útgefendur eða starfsmenn réttindaskrifstofu fara utan og þrír norskir kollegar þeirra úr útgáfu eða umboðsmennsku koma til Íslands. Mikilvægt er að halda þessu verkefni áfram og koma á reglulegum útgefendaskiptum milli landanna. Þannig má byggja upp sterk, nán tengsl til framtíðar.

Útgáfufuferlinu lýkur ekki þegar eintökin koma úr prentsmiðjunni. Kynning á útgefnum verkum er lykilorð í velgengni þeirra sem er yfirleitt forsenda þess að út komi fleiri bækur eftir sama höfund. Viðmælendur töluðu um misgóða kynningu á íslenskum bókmenntum í Noregi en margir nefndu að sérlega vel hefði gengið með bækur Jóns Kalmans Stefánssonar. Verk hans hafa hlotið firnagóða dóma norskra gagnrýnenda og mikla umfjöllun í fjölmiðlum auk þess sem almennir lesendur hafa tekið þeim afar vel.

Fáir eru betur til þess fallnir að vekja athygli og áhuga á bókum en höfundarnir sjálfir. Viðburðir með höfundum eru vinsælir í löndunum tveimur og viðmælendur frá Noregi töluðu um almennt væri góð aðsókn að upplestrum og höfundaspjalli á bókasöfnum og öðrum menningarhúsum. Íslenskir höfundar hafa tekið þátt í vel heppnuðum viðburðum í Litteraturhuset í Osló og víðar. Gjarnan eru þýðendur fengnir til að spjalla við höfunda sína sem eykur um leið veg þýðandans. Upplagt væri að standa fyrir sérstöku átaki um heimsóknir íslenskra höfunda til Noregs og fá jafnvel í leiðinni norska samtímahöfunda til að heimsækja Ísland, en höfundaviðburðir í Norræna húsinu í Reykjavík hafa meðal annars mælst vel fyrir.

TILLAGA 10: ÚTGÁFA/HÖFUNDAR

Íslenskt höfundaprógramm í Noregi.

Í samstarfi aðila á borð við sendiráð Íslands og Noregs, Litteraturhuset í Osló, menningarmiðstöðvar annars staðar í Noregi, Miðstöð íslenskra bókmennta, mennta- og utanríkisráðuneyti og Norræna húsið í Reykjavík mætti skipuleggja átaksverkefni til að koma íslenskum höfundum á fund norskra lesenda. Þannig mætti fylgja eftir útgefnum bókum, efla kynningu á þeim og auka áhuga bæði á viðkomandi höfundum og íslenskum nútímabókmenntum almennt. Sendiráð Íslands getur leikið lykilhlutverk í slíkum verkefnum. Sem dæmi má nefna að sendiráð Íslands í Stokkhólmi hefur undanfarin ár lagt sérstaka áherslu á kynningu á íslenskum bókmenntum og þýðingum þeirra með góðum árangri. M.a. mætti sækja um styrk í sjóðinn Norsk-íslenskt menningarsamstarf en hann hefur verið starfræktur í hartnær þrjú áratugi og er ætlað að stuðla að fjölbreyttu menningarsamstarfi landanna og koma á varanlegum tengslum milli listamanna, þeirra sem starfa að menningarmálum og menningarstofnana í báðum löndum. Einnig eru ýmsir styrkmöguleikar fyrir hendi á vegum Nordisk kulturkontakt.

TILLAGA 11: ÚTGÁFA/HÖFUNDAR

Höfundaskipti: Heimsóknir ungra höfunda til Noregs og Íslands.

Í svipuðum anda og fylgir tillögunni hér á undan mætti skipuleggja sérstakt skiptiverkefni/tengslanet fyrir nýjar raddir úr íslenskum og norskum bókmenntum. Þannig væri hægt að slá nokkrar flugur í einu höggi: Vekja gagnkvæman áhuga á því ferskasta í bókmenntalífi grannþjóða, kynna höfunda fyrir lesendum, útgefendum og fagaðilum, og jafnvel tengja höfundana beint við mögulega þýðendur. Sækja mætti um kynningarþýðingastyrki hjá bókmenntamiðstöðvum hvors lands um sig til þess að þýddir textar geti fylgt höfundunum, hafi þeir ekki verið gefnir út í hinu landinu.

NIÐURLAG

Hér hefur verið farið yfir stöðu þýðinga á fagurbókmenntum úr íslensku yfir á norsku, rætt um faliðaðan hóp þýðenda og settar fram tillögur til að stækka hópinn og hvetja til frekari útgáfu á íslenskum bókum í Noregi. Á litlum málsvæðum er bókaútgáfa og þýðingastarf viðkvæmt fyrir hvers kyns sveiflum en á móti kemur að oft þarf ekki annað en örfáar breytingar til þess að yfir birtji; nokkra efnilega þýðendur sem fá stuðning til að vaxa og dafna í sínu fagi, nokkra áhugasama útgefendur og nokkrar bækur sem hitta rækilega í mark. Nú er lag að sækja fram og efla hið dýrmæta menningarlega samtal Noregs og Íslands.